

Reykjavík, 22. september, 2025

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um drög að aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks 2026-2029

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindum drögum. Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grunngildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Umsögnin byggir meðal annars á þekkingu og reynslu félagsins af sálfélagslegum og félagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og á inngildingunni (e. *inclusion*).

Almennt

Hér er til umfjöllunar gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum hinsegin fólks. Þar á meðal geta bæði verið umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttafólk sem fengið hefur vernd og aðrir innflytjendur. Rauði krossinn lætur sig velferð ofangreindra hópa varða og fagnar öllum áformum um þróun og vinnu stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks þeirra á meðal.

Rauði krossinn vill byrja á því að fagna gerð skýrslunnar „*If I go back, I will be killed*“ sem gerð var á vegum Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) um málefni hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi. Vísað er í skýrsluna í greinargerð með áætluninni. Hún hefur þó ekki verið gefin út formlega og félagið fékk hana í hendur aðeins rétt fyrir skil á þessari umsögn. Félagið telur reyndar að full þörf sé á að rýna þá skýrslu gaumgæfilega og allir viðkomandi aðilar fái góða kynningu á henni þannig að gagnist við lokagerð þessarar aðgerðaráætlunar hvað varðar umsækjendur um vernd í hópi hinsegin fólks, flóknar aðstæður þeirra og það ofbeldi og áreiti sem mörg þeirra hafa mátt sæta.

Styrkur áætlunarinnar er að hún er metnaðarfullri en sú fyrri, nær öllum ráðuneytum eru falin verkefni sem tryggja sameiginlega ábyrgð, viðkvæmir hópar fá sérstakt rými og mikil áhersla er á fræðslu og vitundarvakningu.

Það hefði verið gott að sjá meiri áherslu á geðheilbrigði og þjálfun í sálfélagslegum stuðningi við m.a. hinsegin ungmenni og hinsegin umsækjendur um vernd og flóttafólk sem vitað er að hafa mörg orðið fyrir hryllilegu ofbeldi.

Afar gagnlegt er að geta fylgst með á mælaborði ráðuneytisins hvernig framkvæmd vindur fram og vonandi verður þessari áætlun fylgt vel eftir. Þó er nokkuð óljóst hver ber ábyrgð á að ýta á eftir að aðgerðir verði framkvæmdar. Mætti skýra það betur.

Þó að áætlunin og undirbúningur hennar feli í sér víðtækt samráð myndu áframhaldandi bein samskipti við hinsegin samfélagið og ákveðna viðkvæma hópa innan þess á framkvæmdartímanum tryggja betur að aðgerðir haldist viðeigandi og skili tilætluðum árangri. Mætti því bæta inn aðgerð um slíkt.

Einstaka aðgerðir

Fjármagn í framkvæmdasjóð hinsegin málefna er áætlað það sama og í síðustu áætlun fyrir árin 2022-2025 og er þannig rýrara að raungildi. Full ástæða hefði verið að auka í m.t.t. þess bakslags sem er í gangi gagnvart ákveðnum hópum hinsegin fólks. Eins er óljóst í texta hvort aðgerðir áætlunarinnar eigi að fjármagnast af þessu fé sjóðsins.

Stuðla þarf að öryggi hinsegin umsækjenda, flóttafólks og innflytjenda gegn áreiti eigin þjóðahópa sem hafa mögulega aðra skoðun á sjálfsögðum mannréttindum hinsegin fólks. Huga þarf að ólíkum viðhorfum til hinsegin málefna eftir mismunandi menningarbakgrunni þeirra sem hér búa og auka fræðslu og samræðu meðal ólíkra hópa. Rauði krossinn er tilbúinn til samstarfs um að reyna að stemma stigu við neikvæðri orðræðu í garð þeirra hinsegin fólks. Á þetta m.a. við um aðgerðir 4, 8, 11, 27, 33.

Hinsegin umsækjendur um vernd (aðgerð 34) þurfa að eiga kost á að dveljast í öruggu húsnæði. Þessi ábending er mikilvægari en áður þar sem nú stendur til að hýsa alla umsækjendur í húsnæðisúrræðum á vegum VMST. Ætti það um leið að auðvelda að öryggi sé tryggt. Mikilvægt er að þetta húsnæði sé á höfuðborgarsvæðinu en ekki á minni stöðum þar sem hætta er á að þau skeri sig mögulega meira úr og verði fyrir áreiti. Einnig þarf að huga að öryggi þeirra áfram, hvort sem þeim er vísað frá landinu og dvelja í öðru húsnæði á vegum stjórnvalda fyrir brottvísun eða fá vernd og flytjast í sveitarfélag.

Mikilvægt er að fræðsla um hinseginleika og þær flóknu aðstæður sem hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd koma úr, nái til allra aðila sem þjónusta þau, fara með meðferð og úrskurða í þeirra málum og ekki síst til löglærðra talsmanna umsækjenda sem samið er við en eru utan stofnana ríkisins.

Öruggur stuðningur og þjónusta þarf að ná alla leið að brottför ef því er að skipta. En það þarf einnig að huga að stuðningi áfram eftir að hinsegin umsækjandi fær vernd og að því hvar heppilegast sé að hann setjist að m.t.t. íbúafjölda, þjónustu og stuðningstilboða o.fl.

Að lokum

Rauði krossinn lýsir sig áfram fúsan til samstarfs um gerð aðgerðaráætlunarinnar enda mjög æskilegt að áfram verði gott samráð við viðkomandi félagasamtök. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta viðkomandi aðila dómsmálaráðuneytis til frekari viðræðna og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins.

